

KRÍAN

ÓTTABLANDIN VIRÐING ALLT FRÁ LANDNÁMI



Nú nálgast þú kríuvarp og ef ungarnir eru enn í eggjum sínum eða ófleygir þá eru fuglarnir einir lélegustu gestgjafar sem hægt er að ímynda sér. Við bjóðum því upp á þessi lánsprík sem við biðjum fólk að setja í staukinn hinu megin við varpið þegar „hættan“ er yfirstaðin.

Krían hefur löngum verið uppspretta bæði mikillar aðdáunar og gengdarlauss pirrings hjá Íslendingum. Margir dáðst að flughæfileikum kríunnar og dugnaði, en aðrir eins og t.d. margir flugvallarstarfsmenn fá hroll þegar þeir heyra ómstrítt garg hennar.

Reynsla flestra af sambúð við kríuna er frekar neikvæð, enda á hún það til að skíta á fólk ef það svo mikið sem horfir á eggin eða ófleyga unga hennar. Hún gargar og hótar því í sífellu að gogga í hausinn á fólki, og þó hún ætli sér það ekki þá kemur fyrir að hún misreiknar sig og gerir alvöru úr hótununum. Það er sem betur fer sjaldgæft.

Kríur eru framúrskarandi flugmenn og það er skemmtilegt að fylgjast með þeim að veiðum þegar þær sveima yfir sílatorfu og stinga sér svo af ótrúlegri nákvæmni ofan í sjóinn. Það er þó í langflugi sem krían skarar fram úr öðrum fuglum. Hún ferðast um það bil 70 þúsund kílómetra á ári, sem nemur nærri tveimur hringjum í kringum jörðina. Á æviskeiði sínu ferðast krían vegalengd sem nemur ferðalagi til tunglsins og til baka. Á leið sinni til og frá heitu löndunum sefur hún og nærast á flugi, enda vill enginn blotna í fætuna þegar hann er á langferð.

Krían virðist kunna sérstaklega vel við sig nálægt flugvöllum og öðrum mannabyggðum. Þegar byggð hefur lagst af á ákveðnu svæði, hverfur kríuvarpið yfirleitt í kjölfarið. Líklegasta skýringin á þessu er að í nágrenni mannanna fær krían vörn fyrir ýmsum afræningjum, eins og t.d. tófunni.

Þó hún sé léleg að sýna það, þá kann krían að meta okkur mannfólkið. Hún er rétt eins og við hluti af náttúrunni og þó sambúin sé vissulega pirrandi og á köflum alveg óbærileg þá er hún ekki meindýr og því getum við lítið annað gert en mildað frekjuna í henni, t.d. með þessum lánspríkum sem hér er að finna.